

FUNDARGERÐ

Árið 2020, miðvikudaginn 27. maí kl. 9:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Hrafnkatli Hjörleifssyni sem ritaði fundargerð, Óskari Helga Þorleifssyni og Tinnu Dahl Christiansen.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir frá 27. mars og 24. apríl 2020

Lagðar voru fram fundargerðir frá 27. mars og 24. apríl 2020 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerðir frá 27. mars og 24. apríl 2020 voru samþykktar án athugasemda. Einnig var samþykkt að umræddar fundargerðir mætti birta á vef Jöfnunarsjóðs þó enn hafi ekki gefist færi á undirritun þeirra.

2. Greiðslu- og rekstraráætlun 2020

Uppfærð áætlun vegna tekjufalls í kjölfar Covid-19

Lögð voru fram til kynningar drög að uppfærðri greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2020. Áætlunin er gerð með þeim fyrirvara að hún byggir á drögum að nýrri áætlun um skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2020, endanlegum útsvarsstofni sveitarfélaga á árinu 2019 og áætlunum útsvarsstofni sveitarfélaga árið 2020. Unnið er að nýrri áætlun um þá skattstofna sem tekjur Jöfnunarsjóðs byggja á og verður áætlun um tekjur sjóðsins og framlög hans uppfærð um leið og þær berast.

Stefnt er að því að taka til afgreiðslu nýja og uppfærða greiðslu- og rekstraráætlun á næsta fundi ráðgjafarnefndar, og þá einnig uppfærðar úthlutanir sem byggja á nýrri greiðslu- og rekstraráætlun.

3. Áhrif á framlög

Lögð var fram til kynningar greining á mögulegum áhrifum tekjufalls á einstaka framlög Jöfnunarsjóðs, unnin út frá þeim drögum að greiðslu- og rekstraráætlun sem kynnt var í lið 2. Ekki þykir rétt að fara í djúpa greiningu niður á einstaka sveitarfélag þegar óvissan um tekjufallið er eins mikil og raun ber vitni.

4. Sameiningar sveitarfélaga

Reglur um sameiningar

Drög að reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga voru tekin til umræðu. Drögin hafa áður farið inn á samráðsgátt stjórnvalda og einnig verið tekin fyrir áður á fundi ráðgjafarnefndar.

Nokkur umræða var um hvaða ártal skuli notað vegna skuldajöfnunarframlags sameiningarframlagsins, þ.e. hvort miða eigi framlagið við skuldastöðu síðastliðins árs eða fast ártal.

Að lokinni umfjöllun var ákveðið að leggja til að skuldajöfnunarframlagið taki mið af ársreikningi næstliðins árs fyrir sameiningu.

Dalabyggð - sameiningarkostir

Lögð var fram umsókn frá Dalabyggð um styrk frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna könnunar á sameiningarkostum fyrir Dalabyggð, dags. 18. maí 2020.

Sveitarstjórn Dalabyggðar hefur skipað starfshóp um sameiningu sveitarfélaga og er verkefni hópsins að stýra vinnu við valkostagreiningu á þeim möguleikum sem Dalabyggð hefur til sameiningar við nágrannasveitarfélög. Fyrirhugað er að leita til ráðgjafa til þess að sjá um valkostagreininguna. Samtals er sótt um styrk að upphæð 4.960.000 kr.

Að lokinni umfjöllun var umsóknin samþykkt að fjárhæð allt að 4,4 m.kr.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLA

5. Ytra mat á grunnskóla

Lögð var fram beiðni frá Menntamálastofnun, dags. 14. maí 2020, ásamt skýrslu um ytra mat á grunnskólum árið 2019. Samkvæmt samstarfssamningi frá 16. janúar 2018 var áætlað að ljúka ytra mati á grunnskólum við árslok 2020. Nú horfir þannig við að fresta þurfi mati á sjö skólum sem áætlaðir voru á vorönn 2020. Af þeim sökum verður ekki hægt að ljúka mati fyrir en á vorönn 2021 og er þess óskað að samningur um kostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs haldi þó fresta þurfi framkvæmd um eina önn. Kostnaður Jöfnunarsjóðs breytist ekki þar sem greiðslur tengjast metnum skólum.

Beiðni Menntamálastofnunar var samþykkt að lokinni umfjöllun.

YFIRFÆRSLA MÁLEFNA FATLAÐS FÓLKIS

6. Rekstrarúttekt – Ísafjarðarbær

Lagt var fram erindi frá Ísafjarðarbæ, dags. 8. apríl 2020, vegna kostnaðar við úttekt á málefnum fatlaðra í Ísafjarðarbæ. Úttektin á málefnum fatlaðra er hluti af stjórnarsýsluúttekt á rekstri og starfsemi Ísafjarðarbæjar sem HLH ráðgjöf vann fyrir sveitarfélagið. Úttektin varð viðameiri en gert var ráð fyrir í upphafi og þá einnig kostnaðurinn við hana. Sá hluti úttektarinnar sem varð hvað fyrirferðamestur og að hluta til ófyrirséður var úttekt á fyrirkomulagi fatlaðra í Ísafjarðarbæ. Varlega áætlað er kostnaður við þann þátt úttektarinnar rúmlega 5 m.kr.

Að lokinni umfjöllun var samþykkt að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiði þann kostnað er viðkemur úttekt á fyrirkomulagi fatlaðra, eða 5 m.kr. Kostnaðurinn er í samræmi við þátttöku Jöfnunarsjóðs í sambærilegum greiningum á rekstri málaflokksins á öðrum þjónustusvæðum.

7. Önnur mál

Rætt var um haustferð ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og er stefnt á að sækja Norðurland vestra heim í lok ágúst.

Næsti fundur ráðgjafarnefndar verður 19. júní kl. 11:30.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 10:30.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Daníel Jakobsson

Karen E. Halldórsdóttir

Margrét Þórarinsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson